



## Erindisbréf samstarfshóps um mótun forvarnaráætlunar

**Ábyrgð:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030: Heilsuborgin Reykjavík: „Borgin sem ég vil búa í“ var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 5. október 2021. Meginmarkmið stefnunnar eru þrjú:

1. Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum.
2. Jöfnuður til heilsu og vellíðanar - engin skilin eftir.
3. Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar.

Stefnunni fylgir aðgerðaráætlun fyrir árin 2021-2023. Aðgerð 1.10.-mótun forvarnaráætlunar er á ábyrgð velferðarsviðs en unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og önnur fagsvið borgarinnar.

### Markmið:

Meginmarkið áætlunarinnar er að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur meðal barna og unglinga, m.a. varðandi tóbaks, áfengis og vímuefnaneyslu, hlúa að verndandi þáttum allt frá fyrstu æviárum barna og fram á ungdómsár eða 18 ára aldur. Taka skal tillit til þeirra samfélagsbreytinga sem hafa orðið frá fyrri forvarnarstefnu m.a. hvað varðar samsetningu nemendahópa, réttindi barna, stafrænnar þróunar og nýbreytni í þjónustu. Við mótun áætlunarinnar skal viðhafa víðtækt samstarf innan sem utan borgarinnar með áherslu *Betri borgar fyrir börn* að leiðarljósi.

### Verkefni:

- Að móta forvarnaráætlun fyrir börn og ungmenni sem undiráætlun lýðheilsustefnu.
- Að leggja fram tímasetta aðgerðaáætlun sem taki til framkvæmdar helstu verkefna og innleiðingu áætlunarinnar, m.a. hlutverk miðstöðva velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs við gerð forvarnaráætlana borgarhluta.
- Að tryggja samhæfingu forvarnaráætlunar við velferðarstefnuna, sér í lagi við aðgerð 5.1.2 sem og við aðrar stefnur borgarinnar, s.s. við menntastefnu, stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu, íþróttastefnu og verkefni Heilsueflandi samfélags.
- Að tryggja að forvarnaráætlunin verði byggð á tölfræði og öðrum mikilvægum gögnum, t.d. frá Rannsóknum og greiningu
- Að tryggja víðtækt samráð við mótun áætlunarinnar, s.s. við börn og ungmenni, aðstandendur, og aðila sem starfa beint með börnum og ungmennum, s.s í skóla- og frístundaþjónustu og í ýmsum stuðningsúrræðum, s.s. unglungaathvörfum, einstaklingsstuðningi, heimilum og barnavernd.
- Að huga að verndandi þáttum sem áherslu innan forvarnaráætlunarinnar, s.s. heilsueflandi og jákvæðum viðfangsefnum í frítímanum.

- Að huga sérstaklega að ýmsum sértækum hópum s.s. börn með erlendan bakgrunn, fötluð börn og börn sem eiga það sameiginlegt að falla út fyrir það sem telst normið hvað varðar kynhneigð, kyntjáningu, kyneinkenni og/eða kynvitund.
- Að fylgja eftir innleiðingu og framkvæmd forvarnaráætlunarinnar m.a. að unnar verði forvarnaráætlanir borgarhlutanna sem allar stofnanir borgarinnar og nærsamfélagið innan hvers borgarhluta koma að.
- Að fylgja eftir að allir grunnskólar vinni forvarnaráætlun samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla sem skulu tengdar forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar.

#### **Samráð:**

- Miðstöðvar Reykjavíkurborgar.
- Verkefnahópar Betri borgar fyrir börn.
- Barnavernd Reykjavíkur.
- Íþróttabandalag Reykjavíkur og aðra viðeigandi hagsmunaaðila.
- Stofnanir innan og utan borgarinnar eftir því sem við á.
- Teymi gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

#### **Starfshópur:**

Óskar Dýrmundur Ólafsson framkvæmdastjóri Suðurmíðstöðvar, fulltrúi velferðarsviðs sem leiðir hópinn.

Gerður Sveinsdóttir sérfræðingur fulltrúi íþrótt- og tómsundasviðs.

Guðrún Halla Jónsdóttir verkefnastjóri þekkingarstöðvar um forvarnir og félagsauð, Austurmíðstöð, fulltrúi velferðarsviðs.

Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir verkefnastjóri barna- og unglíngastarfs hjá Borgarbókasafni, fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs.

Magnús Arnar Sveinbjörnsson, skólastjóri Vinnuskólans, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Svandís Egilsdóttir, fagstjóri í Vesturmíðstöð, fulltrúi Betri borgar fyrir börn.

Þráinn Hafsteinsson, forstöðumaður félagsstarfs og verkefnastjóri félagsauðs og forvarna, starfsmaður hópsins, Suðurmíðstöð, fulltrúi velferðarsviðs.

Ólöf Kristín Sívertsen, verkefnastjóri, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, framkvæmdastjóri Keðjunnar, fulltrúi velferðarsviðs.

Katrín Helga Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur..

#### **Starfsfyrirkomulag og tímamörk:**

Starfsmaður hópsins ber ábyrgð, í samráði við leiðandi fulltrúa, á að kalla hópinn saman, sjá til þess að verkefnið sé framkvæmt og að fundargerðir séu skráðar í Hlöðuna.

Starfstími hópsins er frá júní 2022 til 31. desember 2022 en sætir þá endurskoðun.

Reykjavík xx. júní 2022

Regína Ásvaldsdóttir,  
sviðsstjóri